

Sæl,

Vinsamlegast sendu neðangreinar athugasemdir til Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

Málefni: Umsögn um framvarp til laga, þingskjal 1018 – 613 mál

Sendi afrit á ábyrgðarmenn undirskriftasöfnunar: Davíð Kristjánsson ( [afiqamli@gmail.com](mailto:afiqamli@gmail.com) ), Gísla Ragnar Kristjánsson ( [gisliragnarkristiansson@gmail.com](mailto:gisliragnarkristiansson@gmail.com) ) og Aldísi Sigfúsdóttur [aldiss@isl.is](mailto:aldiss@isl.is)

### Forsaga:

Við vorum ábyrgðaraðilar undirskriftasöfnunar í sveitarfélaginu Árborg. Vegna mikillar óánægju í sveitarfélaginu Árborg við fyrirhuguðum framkvæmdum sveitarfélagsins í miðbæ Selfoss óskuðum við eftir því hjá bæjarstjórninni að við fengjum að safna undirskriftum til að setja nýsamþykkt aðal- og deiliskipulag fyrir miðbæ Selfoss í íbúakosningu. Þessi ósk kom fram innan fjögurra vikna frá samþykkt bæjarstjórnar um nýtt aðal- og deiluskipulag. Bæjarstjórn veitti okkur þessa heimild ásamt því að ákveða hvenær söfnun myndi hefjast og hvenær henni yrði lokið. En tímaramminn var fjórar vikur í samræmi við 4. gr. reglugerðar nr. 155/2013. Sveitarstjórn útbjó tvenns konar undirskriftalista, einn þar sem íbúar gátu með undirskrift sinni óskað eftir almennri íbúakosningu um nýsamþykkt aðalskipulag miðbæjarins og annan þar sem óskað eftir almennri íbúakosningu um nýsamþykkt deiliskipulag miðbæjarins. Sveitarstjórnin samdi textann á listunum, prentaði og tilkynnti þetta Þjóðskrá Íslands. Við fengum í framhaldinu Þjóðskrá Íslands til að setja upp rafræna undirskriftarlista á island.is, einn fyrir aðalskipulag og annan fyrir deiliskipulag. Er undirskriftasöfnun lauk komum við öllum undirskriftalistunum á pappír til Þjóðskrár Íslands. Ennfremur settum við nöfn allra á listunum á rafrænt form samkvæmt leiðbeiningum Þjóðskrár. Endanleg niðurstaða þessarar söfnunar samkvæmt Þjóðskrá Íslands var að nákvæmlega sami fjöldi óskaði eftir íbúakosningu um nýsamþykkt aðal- og deiliskipulag eða 2.086 einstaklingar sem var 31.8% kjósenda í Sveitarfélaginu Árborg. En á kjörskrá voru 6.568 einstaklingar samkvæmt upplýsingum Þjóðskrár Íslands.

Samkvæmt 2. mgr. 108. gr. sveitarstjórnarlaga 138/2011 þarf a.m.k. 20% undirskriftir kjósenda í sveitarfélaginu til að krefjast íbúakosningar. Samkvæmt sömu lögum geta sveitarstjórnir hækkað þetta hlutfall en þó ekki meira en upp í þriðjung kjósenda. Sveitarstjórn Árborgar hækkaði þetta hlutfall upp í 29% í samþykktum sveitarfélagsins um stjórn og fundarsköp 2013. Þar sem undirskriftasöfnunarhlutfallið var

31.8% eða meira en lágmarkið 29% þá er sveitarstjórn Árborgar skylt að hafa íbúakosningu samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

Við fögnum þessu ákvæði í sveitarstjórnarlögum 138/2011 um frumkvæði íbúa um íbúakosningu. En jafnframt höfum við uppi spurningar og athugasemdir er lúta að bráðabirgðaákvæði V. kafla sveitarstjórnarlaga sem gildi til 31. maí sl., en fyrir liggur frumvarp hjá Alþingi um framlengingu þessa bráðabirgðaákvæðis.

Hefur nefndin ekki gert neinar athuganir á þessu bráðabirgðalagaákvæði um rafræna íbúakosningu sem þegar hefur verið í gildi í fimm ár? Er engin þörf á endurskoðun þessarar laga? Hér þarf að vanda til verka og það þarf að fá sem flest sjónarmið þeirra sem þegar hafa notað þessi lög, ef einhverjir eru. Þar sem þetta er nauðsynlegur vinkill í íbúalýðræðinu og reyndar á stefnuskrá flestra stjórnmalaflokka.

Núverandi frumvarp um framlengingu laganna um rafræna íbúakosningu er tilkomið vegna óskar sveitarfélagsins Árborgar við samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytið 14. maí sl. að hafa rafræna íbúakosningu um aðal- og deiliskipulag miðbæjar Selfoss. En reglugerð um rafræna íbúakosningu var gerð 2015 og féll hún úr gildi 31. maí 2018. 24. maí sl. eða tíu dögum eftir að ósk sveitarfélagssins Árborgar barst samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytinu leggur umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis fram frumvarp á Alþingi þess efnis að framlengja þetta bráðabirgðalagaákvæði um rafræna íbúakosningu um fimm ár!

Við viljum koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við þetta frumvarp.

#### Athugasemdir:

- 1) Samkvæmt 2. mgr. Rg. 1002/2015 um rafræna íbúakosningu þá var tilgangur hennar að prófa og innleiða rafræna kjörskrá og nýja tækni við íbúakosningu. Í þessu ljósi hefur nefndin athugað hver reynslan af þessum lögum er til þessa? Hafa verið framkvæmdar íbúakosningar samkvæmt þessari reglugerð? Samkvæmt okkar upplýsingum hafa íbúar sveitarfélaga fjórum sinnum safnað undirskriftum fyrir ósk um að setja ákveðin málefni sveitarfélaga í íbúakosningu samkvæmt sveitarstjórnarlögum.
- 2) Ef slíkar rafrænar kosningar hafa átt sér stað Norðurlöndunum, hefur nefndin athugað hver reynslan af slíkum rafrænum kosningum er þar eða annars staðar?
- 3) Er það ekki óeðlilegt er um þriðjungur kjósenda óskar eftir íbúakosningu að hún sé þá eingöngu rafræn? Þegar slíkur fjöldi kjósenda óskar eftir íbúakosningu kallar það ekki á hefðbundna almenna íbúakosningu eins og almenningur þekkir þær kosningar? Í okkar tilfalli voru íbúarnir ekki að kalla á *rafræna* íbúakosningu og

Í texta undirskriftasöfnunar stóð að undirritaður óskaði eftir „almennri íbúakosningu“ en ekki rafrænni íbúakosningu. Stangast þetta ekki á við ósk íbúanna? En lögin taka t.d. ekkert á þessum skilningi. Er ekki eðlilegt að þetta sé skilgreint áður en undirskriftasöfnunin fer fram eða tilgreint í texta undirskrifalistanna?

- 4) Eins og lög kveða á um þá miðaðist undirskriftasöfnunin við þá sem voru með kosningarrétt eða 18 ára og eldri. En stangast það ekki á við lögin um rafræna íbúakosningu sem miða íbúakosningu við 16 ára kosningaraldur? Þannig að á undirskriftalistunum voru nokkrir sem ekki voru orðnir 18 ára strikaðir út við talningu hjá Þjóðskrá Íslands en svo eiga þeir að fá að kjósa. Er þetta lagalega rétt?
- 5) Ykkur til upplýsingar þá voru það einungis rétt innan við 10% kjósenda sem skifuðu sig á rafrænu undirskriftalista, þannig að yfir 90% kjósenda skrifuðu nöfn sín á pappír. Þetta sýnir að okkar dómi að æskilegt sé að hafa þessar íbúakosningar eins og um hefðbundnar almennar kosningar væri um að ræða. Það eru forréttindi að fara á kosningarstað og kasta atkvæði sínu á ákveðið málefni.
- 6) Varðandi rafræna íbúakosningu þá er það okkar mat að eldra fólk myndi síður taka þátt í slíkum kosningum þar sem sumir eru ekki með tölvur og aðrir veigra sér við að nota slík tæki. En slíkt dregur úr kosningarþátttöku með því að sniðganga eldra fólk.

### Niðurlag:

Eftir að nægjanlegur fjöldi kjósenda óskaði eftir íbúakosningu þá finnst okkur það skjóta skökku við að sveitarstjórn ákveði upp á sitt einsdæmi að hafa íbúakosninguna rafræna. Það verður að hafa það í huga að ósk íbúanna um íbúakosningu er um málefni sem sveitarstjórn var búin að samþykkja þannig að þetta er þvert á vilja meirihluta sveitarstjórnar. Íbúarnir eru hér aðeins að stinga niður fæti gegn vilja sveitarstjórnar. Í okkar tilfalli snýst þetta ekki bara um miðbæjargargarð, húsagerð og skipulag heldur líka óánægja um það að afhenda miðbæjarsvæðið einum aðila/félagi til að reisa þar um 30 hús. Þetta verkefni er upp á marga milljarða, væntanlega um tíu milljarða og óttast margir íbúar þessa litla sveitarfélags að þetta verkefni verði aldrei klárað og svo lendi þetta á skattgreiðendum bæjarfélagsins að klára þetta og kosta. Þess vegna mega þessar kosningar ekki vera einhvers konar tilraunakosningar með rafrænni útfærslu. Það á að taka það alvarlega er 31.8% kjósenda óskar eftir almennri íbúakosningu um hjarta bæjarins. Þá má minna á það að einungis um 10% kjósenda skrifuðu sig á rafrænu listana. Ennfremur viljum við benda á það að undirskriftahlutaflallið 31.8% í sveitarfélaginu Árborg samanstendur af

undirskriftum íbúa sveitarfélagsins Árborgar 18 ára og eldri en ekki 16 ára og eldri líkt og bráðabirgðaákvæðið kvað á um. En eins og lögin eru í dag þá hafa kjósendur og við ekkert um þetta að segja en skorum á ykkur að framlengja ekki ráðabirgðaheimildina óbreytta á þeim forsendum að hún verði notuð í íbúakosningu um aðal- og deiliskipulag miðbæjar Selfoss í Sveitarfélaginu Árborg.

*Kveðja,*

*Aldís Sigfúsdóttir f.h. ábyrgðarmanna undirskriftasöfnunarinnar í*

*Árborg*

*Sími: 894-1275*